

Nefndarsvið Alþingis
Fjárlaganefnd
Alþingishúsið við Austurvöll
101 Reykjavík
nefndarsvid@althingi.is



Efni: Umsögn um frumvarp til laga um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni. mál 538.

Fjárlaganefnd óskaði eftir umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar (hér eftir samtökin) 22. febrúar sl. um frumvarp til laga um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni. Í frumvarpinu eru lagðar fram tillögur um hvernig best verður staðið að úthlutun á rétti til hvers kyns nýtingar á landi og náttúruperlum í eigu ríkisins í atvinnuskyni.

Fyrri umsögn

Samtökin vilja byrja á því að vísa í sameiginlega umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar, Viðskiptaráðs Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem sent var á samráðsgátt 4. Desember 2020 (mál nr. 252/2020). Sú umsögn á ennþá jafnvel við nú og þá. Í þeirri umsögn kemur fram að samtökin telji mikilvægt að mótaður sé lagarammi sem tryggir að vel sé staðið að úthlutun á takmörkuðum gæðum en samtímis verði að hafa í huga að slík úthlutun sé gerð með gagnsæjum, hagkvæmum og markvissum hætti og að jafnræðis sé gætt. Þá vísar umsögnin einnig til þess að gjaldtaka verði ekki íþyngjandi og að tekjur séu nýttar til að auka og viðhalda gæðum þess svæðis sem samningurinn nær yfir.

Samtök ferðaþjónustunnar vilja nota tækifærið og bæta við áherslur fyrri umsagnar. En þær áherslur snúa að grundvelli tilgreiningar landsvæðis þar sem sérleyfis- og rekstrasamningar eru heimilir. Gríðarlega mikilvægt er að skilgreining á slíku svæði sé byggð á rökstuddum grundvelli s.s. með umhverfismati, öryggismati og ekki síður efnahagslegra áhrifa slíkrar skilgreiningar á viðkomandi svæði og nærliggjandi svæði.

Reynsla Vatnajökulspjóðgarðs

Á seinni hluta árs 2020 tilkynnti Vatnajökulspjóðgarður um úthlutanir og starfssamninga þar sem þau fyrirtæki sem höfðu hug á að starfa við íshellaferðir og jöklagöngu í suðurhluta þjóðgarðsins þurftu að sækja um úthlutun en heildarfjöldi sæta í íshella og jöklagöngu var töluvert fyrir neðan það sem fyrirtækin höfðu þjónustað á venjulegu ári.

Að baki umræddra úthlutana virðist ekki liggja fyrir neitt opinbert mat á aðstæðum á svæðinu. Við þá úthlutun var ekki til staðar umhverfislegt mat, mat á

efnahagslegum áhrifum á takmörkun á aðgengi, mat á starfssemi á svæðinu eða mat á fyrri upplifun gesta. Heildarfjöldi sæta í úthlutun var metinn út frá umferðartölum og ekki sett í samhengi við þolmörk náttúru né upplifun gesta. Vegna mikillar mótstöðu rekstaraðila voru fjöldatakmarkanir felldar niður. Óánægja rekstraraðila var slík að þjóðgarðurinn fékk á sig stjórnsýslukæru og liggur nú öll vinna við endurgerð og endurmat úthlutanna og samningsgerðar niðri þar til unnið hefur verið úr kærinni.

Undanfarin ár hefur verið unnið á ýmsum vettvangi stjórnkerfisins að útfærslu, stefnumótun og löggjöf er varðar úthlutun á takmörkuðum gæðum í ferðapjónustu og eftir atvikum innheimtu gjalda af fyrirtækjum vegna hennar. Má þar t.d. benda á vinnu við það frumvarp sem hér um ræðir, vinnu við atvinnustefnu Vatnajökulsþjóðgarðs, og vinnu við undirbúning frumvarps um hálandisþjóðgarð og umræðu og vinnu við stefnumörkun um gjaldtöku af ferðapjónustu. Samtökin hafa áður bent á hversu mikilvægt sé að samhengi milli slíkrar vinnu á mismunandi stöðum stjórnkerfisins sé tryggt og að samráð sé haft við atvinnugreinina sem er lykilumfjöllunarefni vinnunnar á öllum stigum. Í tilfelli þess frumvarps sem hér um ræðir hefur samráð t.d. verið af skorum skammti, og er það gagnrýnivert þar sem augljóst er að atvinnustarfsemi í ferðapjónustu er lykilandlag umfjöllunarefna frumvarpsins. Samtökin ítreka mikilvægis þess að löggjafinn og framkvæmdavaldið tryggi að samræmis sé gætt og tryggt sé að regluverk um úthlutun á takmörkuðum gæðum sé samræmt, gegnsætt, byggt á sjónarmiðum um meðalhóf og sé ekki að óþörfu íþyngjandi í rekstri fyrirtækja.

Virðingarfyllt

f.h. Samtaka ferðapjónustunnar

Ágúst Elvar Bjarnason